



REYKJANESBÆR

Bæjarráð Reykjanessbæjar  
Hr. Friðjón Einarsson formaður  
Tjarnargötu 12  
230 Reykjanessbæ

Reykjanessbæ 07.12.20


**Varðar: Beiðni um aukið fjármagn**

Framkvæmdir vegna útisvæðis sundmiðstöðvar eru nú á lokametrunum og er áætlað að þeim ljúki á árinu. Við framkvæmdir sem þessar kemur ýmislegt upp á sem breyta áætlunum bæði í tíma og fjármagni. Ákveðið var að fara í töluverðar viðbótar viðhaldsaðgerðir af nauðsyn þar sem þurfti að fræsa fyrir nýjum hitalögnum á útisvæði og var það mat eignaumsýslunnar að það væri nauðsýnlegt vegna ástands fyrri lagna. Einnig var af öryggisástæðum að færa / snúa rennibrautina (sjá meðfylgjandi teikningu) en við þær ráðstafanir þurfti að setja upp nýjan vegg og færa lagnaleiðir sem ekki var gert ráð fyrir í upphaflegum áætlunum. Einnig kom í ljós að burðavirki núverandi veggja þoldu ekki þyngd nýrrar rennibrautar. Þá er einnig inn í þessum viðbótarkostnaði dælubúnaður og fleira tengt nýrri rennibraut sem Reykjanessbær ætlaði að kaupa beint og var ekki inn í upphaflegum áætlunum.

Viðbótarkostnaður við þessa framkvæmd er að hámarki **kr. 30 milljónir** og óskar undirritaður eftir því að heimilt verði að taka það fjármagn af fjárfestingum ársins 2020 svo hægt verði að ljúka verkinu.

Meðfylgjandi greinargerð sem skyrir færslu rennibrautar.

Virðingarfyllst

  
Guðlaugur H. Sigurjónsson  
Sviðsstjóri Umhverfissviðs  
*sviðsstjóri umhverfissviðs*

Dreifing :  
Kjartan Már Kjartansson  
Bæjarstjóri Reykjanessbæjar